

UMSÓKN UM SÉRSTAKAN HÚSNÆÐISSTUÐNING

NAFN (SKÁL VERA SAMA OG NAFN LEIGJANDA ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS Á LEIGUSAMNINGI)	KENNITALA
LÖGHEIMILI	HEIMASÍMI/FARSÍMI
AÐSETUR (EF ANNAD EN LÖGHEIMILI, Á AÐEINS VIÐ UM NÁMSMENN)	VINNUSÍMI

SÉRSTAKUR HÚSNÆÐISSTUÐNINGUR LEGGST INN Á EFTIRFARANDI REIKNING				
BANKI-ÚTIBÚ	HÖFUÐBÓK	NÚMER REIKNINGS	NETFANG	UMSÓKNARNÚMER VINNUMÁLASTOFNUNAR

Ég undirrituð/-aður lýsi því hér með yfir að samþykki okkar liggur fyrir hjá Vinnumálastofnun um að Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu sé heimilt að sækja allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu okkar um sérstakan húsnæðisstuðning. Ég undirrituð/-aður sæki hér með um sérstakan húsnæðisstuðning samkvæmt reglum Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu um sérstakan húsnæðisstuðning, jafnframt lýsi ég því yfir að allar tilgreindar upplýsingar eru réttar. Ég skuldbind mig til að tilkynna Félagsþjónustunni þegar í stað um sérhverjar þær breytingar á högum mínum og heimilisaðstæðum og öðrum þeim atriðum er áhrif geta haft á rétt minn til sérstakra húsnæðisbóta og bótafjárhæð.

Mér er kunnugt um ákvæði 15.gr. reglna um sérstakan húsnæðisstuðning, varðandi viðurlög á brotum á reglunum og skyldu til endurgreiðslu.

Undirskrift umsækjanda

Undirskrift annarra íbúa

Undirskrift annarra íbúa

Undirskrift annarra íbúa

Ég/við undirrituð 18 ára og eldri er búum í leiguíbúðinni veitum hér með Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu fullt og ótakmarkað umboð til þess að afla tilskilinna upplýsinga hjá Vinnumálastofnun, skattayfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, LÍN, sýslumönnum og öðrum opinberum aðilum sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis.

Undirskrift umsækjanda

Kennitala

Undirskrift annarra íbúa

Kennitala


Undirskrift annarra íbúa

Kennitala

Undirskrift annarra íbúa

Kennitala

VINSAMLEGAST LESIÐ NÆSTU SÍÐU



Aðrar upplýsingar sem umsækjandi óskar eftir að koma á framfæri:

VINSAMLEGAST LESIÐ VANDLEGA

SKILGREINING OG MARKMIÐ

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, félagslegra aðstæðna og þungrar framfærslubyrðar.

UMSÓKN

Umsókn skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði og undirrituð af heimilismönnum, 18 ára og eldri. Umsóknarfrestur er til 20. þess mánaðar sem fyrst er greitt fyrir.

Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og aðrir heimilismenn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum (sjá framhlið) sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknarinnar. Hafi tilskilin gögn sem nauðsynleg eru við úrvinnslu umsóknarinnar ekki borist innan 45 daga frá umsóknardegi er umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning synjað.

SKILYRÐI FYRIR SAMÞYKKI UMSÓKNAR

- Réttur umsækjanda til húsnæðisbóta á grundvelli laga nr. 75/2016 skal hafa verið staðreyndur.
- Að umsækjandi sé orðinn 18 ára á umsóknardegi og eigi lögheimili í Byggðasamlagi Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu þegar sótt er um.
- Leiguhúsnæði skal vera í því sveitarfélagi sem umsækjandi á lögheimili í.
- Samanlagðar tekjur umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, séu undir efri tekjumörkum skv. 5. gr. reglna þessara.
- Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en samkvæmt viðmiðum 9. gr.

FJÁRHÆÐ OG GREIÐSLA

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	3.100.000	3.875.000	258.333	322.917
2	4.100.000	5.125.000	341.667	427.083
3	4.800.000	6.000.000	400.000	500.000
4 eða fleiri	5.200.000	6.500.000	433.333	541.667

Skilyrði fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings er að umsækjandi fái einnig greiddar húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur. Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei farið yfir 75% af húsnæðiskostnaði. Ekki er greiddur sérstakur húsnæðisstuðningur þegar húsnæðiskostnaður að frádrögnum húsnæðisbótum er 40.000 kr. eða lægri.

Félagsþjónustu er heimilt að greiða sérstakan húsnæðisstuðning til leigusala samkvæmt skriflegri beðni umsækjanda. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður eftir að skilyrðum reglna þessara er ekki lengur uppfyllt.

UPPLÝSINGASKYLDA UMSÆKJANDA

Umsækjandi skal upplýsa Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu um allar þær breytingar sem verða á aðstæðum hans og kunna að hafa áhrif á fyrirliggjandi mat á þörf hans á sérstökum húsnæðisstuðningi. Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur og getur Félagsþjónustan endurkrafið umsækjanda um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.